

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 105/2020

2023/EES/51/12

frá 14. júlí 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515 frá 19. mars 2019 um gagnkvæma viðurkenningu á vörum sem eru löglega markaðssettar í öðru aðildarríki og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 764/2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/515 fellir niður reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr EES-samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 3t (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/547):

„3u. **32019 R 0515:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515 frá 19. mars 2019 um gagnkvæma viðurkenningu á vörum sem eru löglega markaðssettar í öðru aðildarríki og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 764/2008 (Stjtið. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 1.).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er EFTA-ríkin varðar skal þessi reglugerð aðeins gilda um vörur sem falla undir 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins.
- b) Reglugerðin skal ekki taka til Liechtenstein að því er varðar vörur sem falla undir I. viðauka, XII. og XXVII. kafla II. viðauka og bókun 47 við EES-samninginn, á meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein.
- c) Orðin „11. gr. EES-samningsins“ koma í stað orðanna „34. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.
- d) Orðin „13. gr. EES-samningsins“ koma í stað orðanna „36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.
- e) Í 8. gr. koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í staðinn fyrir orðið „framkvæmdastjórnin“ þegar stjórnvald staðsett í EFTA-ríki hefur tekið þá stjórnvaldsákvörðun sem um ræðir.“

2. Texti liðar 3f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008) fellur brott.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 21.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/515, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauri**

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.